



## Kortavelta erlendra ferðamanna dróst lítillega saman á síðasta ári

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna nam tæpum 230,8 mö.kr. á síðasta ári borið saman við 237,5 ma.kr. árið áður og dróst því saman um 6,7 ma.kr. milli ára, eða 2,8%. Veiking á gengi krónunnar hafði þau áhrif að auka greiðslukortaveltuna mælda í krónum en mælt á föstu gengi dróst veltan saman um 11,2%. Minni velta skýrist fyrst og fremst af fækkun erlendra ferðamanna en þeim fækkaði um 14,2% milli ára.

### Mesta aukningin í opinberum gjöldum


Af einstökum liðum jókst veltan hlutfallslega mest í opinberum gjöldum, eða um 28,3%. Næstmest var aukningin í menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi, eða um 21,4%. Þriðja mesta aukningin var í verslun, eða 1,7%. Innan þessara tveggja liða eru nokkrir undirliðir. Í þeim fyrrnefnda jókst veltan um 41,4% í söfnum, galleríum og dýragörðum en 22,4% aukning var í veltu vegna tónleika, leikhúsa, kvikmyndasýninga og annarra viðburða. Í þeim síðarnefnda var veltuaukningin nokkuð breytileg eftir undirliðum. Þannig jókst veltan um 10,4% í gjafa- og minjagripaverslun og 5,1% í annarri verslun. Samdráttur í tollfrjálsri verslun var mestur, eða 4,3%, en 2% samdráttur mældist í fataverslun og 0,7% samdráttur í dagvöruverslun.

### Úttekt reiðufjár heldur áfram að minnka

Sé litið til annarra stórra liða dróst úttekt reiðufjár saman um 15,5% milli ára. Sú þróun er í takt við þróun síðustu ára en þetta var þriðja árið í röð þar sem úttekt reiðufjár dregst saman. Úttekt reiðufjár nam 3,5% af heildarkortaveltunni á síðasta ári. Þetta hlutfall hefur minnkað stöðugt en það var um 15,7% árið 2012. Líklegast er breytilegt eftir þjóðerni hversu mikil reiðufjárúttekt er sem hlutfall af heildarkortaveltu. Minnkandi hlutfall kann því að endurspeglar breytingar í samsetningu erlendra ferðamanna.


Á eftir úttekt reiðufjár dróst kortaveltan næst mest saman í annarri þjónustu tengdri farþegaflutningum en sá liður inniheldur ekki farþegaflutninga með flugi. Kortavelta tengd þessari þjónustu dróst saman

Breyting í kortaveltu milli ára



Breyting milli 2018 og 2019  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

Úttekt reiðufjár sem hlutfall af heildar kortaveltu



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar




um 6,8% milli ára. Velta í veitingaþjónustu dróst síðan saman um 6,4%.

### ***Gisting er stærsti kostnaðarliðurinn samkvæmt kortaveltunni***

Gisting er stærsti kostnaðarliðurinn í greiðslukortaveltunni en um fjórðungur kortaveltunnar liggur í gistingu. Hér er þó rétt að benda á að greiðslukortavelta mælir ekki alla neyslu erlendra ferðamanna hér á landi og inniheldur t.d. ekki útgjöld vegna flugs til og frá landinu en það er einnig stór kostnaðarliður í ferðalagi hingað til lands. Árið 2017 nam heildarneysla erlendra ferðamanna á Íslandi 376,6 mö.kr. en til samanburðar nam kortaveltan 216 mö.kr., eða 57,4%. Hluti af skýringunni á þessum mun liggur í því að nokkuð er um að ferðamenn fyrirframgreiði t.d. gistingu og flug í gegnum erlendar bókunarsíður áður en farið er til landsins. Slíkt mælist ekki í kortaveltunni þar sem hún mælir einungis færslur hjá innlendum aðilum.

### ***Kortavelta í hótलगistingu dróst saman vegna verðlækkana***

Kortavelta í hótलगistingu nam 58,3 mö.kr. á síðasta ári og dróst hún saman um 2,4% milli ára. Til samanburðar dróst fjöldi erlendra ferðamanna saman um 14,2% milli ára. Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótelum fjölgaði hins vegar um 1,7%. Ástæðan fyrir þessum mismun í breytingu í fjölda ferðamanna annars vegar og aukningu í gistinóttum hins vegar liggur í því að dvalarlengd ferðamanna jókst verulega í kjölfar brotthvarfs WOW air. Gengi krónunnar veiktist á síðasta ári og hækkaði gengisvísitalan um 8,5% milli ára. Ástæðan fyrir því að kortaveltan dróst saman í gistingu á sama tíma og gistinóttum fjölgaði og gengi krónunnar veiktist var að verðskrá hótela og gistiheimila lækkaði nokkuð milli ára. Þannig lækkaði verð hjá hótelum og gistiheimilum eins og það mælist í neysliverðsvísitölunni um 21,1% milli ára mælt í evrum talið. Verðlækkun á gistingu í evrum vó því upp alla veikingu krónunnar og gott betur.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.